

FRÉTTATILKYNNING

06 February 2026 08:00:00 GMT

ICELANDAIR: MIKIL EFTIRSPURN TIL OG FRÁ ÍSLANDI – FARÞEGUM FJÖLGAÐI UM 14% Á MILLI ÁRA

Icelandair flutti 300 þúsund farþega í janúar, 14% fleiri en í janúar í fyrra. Í mánuðinum voru 30% á leið til Íslands, 21% frá Íslandi, 42% voru tengifarþegar og 6% ferðuðust innanlands. Farþegum á leið til Íslands fjölgaði um 16% og farþegum á leið frá Íslandi fjölgaði um 27% sem er í takt við áherslur sem félagið hefur lagt á þessa markaði. Stundvísi var 82,6% og jókst hún um fimm prósentustig á milli ára. Sætanyting var 77,6% sem er met í janúar.

Seldum blokk tímum í leiguflugsstarfsemi félagsins fjölgaði um 1%. Fraktflutningar, mældir í tonnkilómetrum, drógust saman um 3% á milli ára. Kolefnislosun á hvern tonnkilómetra dróst saman um 5%, vegna herra hlutfalls sparneytnari flugvéla í flotanum.

Bogi Nils Bogason, forstjóri Icelandair:

„Við sjáum áframhaldandi vöxt yfir vetrartímann og sömuleiðis á mörkuðunum til og frá Íslandi. Sala hefur farið mjög vel af stað í febrúar og slógum við sölumet á markaðnum frá Íslandi nú í upphafi mánaðar. Þetta er í takt við áherslur okkar á þá markaði sem skila mestri framlegð hverju sinni og á að minnka árstíðarsveifluna í rekstrinum. Það er mjög ánægjulegt að sjá að markaðurinn tekur vel í vöxt okkar yfir háveturinn sem sést best í því að tekjur á hvern farþegakílómetra og sætanyting eykst á milli ára og er nú sú hæsta sem við höfum séð í janúar. Að sama skapi höldum við áfram að sjá framúrskarandi stundvísi sem er að þakka sameiginlegu átaki alls starfsfólks Icelandair.“

Nánari upplýsingar

Fjárfestar: Íris Hulda Þórisdóttir, yfirmaður fjárfestatengsla. Netfang: iris@icelandair.is

Fjölmiðlar: Ásdís Pétursdóttir, forstöðumaður samskipta og sjálfbærni. Netfang: asdis@icelandair.is

Viðhengi

[01 Traffic Data](#)